

1709018

Æskulýðsnefnd kirkna í Rangárvallasýslu

Hellu, 07.september 2017

Til
Sveitarstjórnar
Rangárþings ytra,
Suðurlandsvegi 1-3,
850 Hellu.

Erindi: Beiðni um fjárstyrk til Æskulýðsnefndar kirkna í Rangárvallasýslu.

Fyrir hönd Æskulýðsnefndar kirkna í Rangárvallasýslu færi ég sveitarstjórnnum í Rangárvallasýslu þakkir fyrir mikilvægan fjárhagsstuðning við starf nefndarinnar á umliðnum árum. Mörg undanfarin ár hefur meginverkefni hennar verið mótshald að hausti með væntanlegum fermingarbörnum í sýslunni. Mótið í ár verður haldið í Vatnaskógi í byrjun október. Einnig hefur Æskulýðsnefnd styrkt æskulýðsfélög einstakra sókna í reglulegu starfi eða til ferðalaga á æskulýðsmót.

Enn leitar nefndin eftir fjárstuðningi sveitarfélagsins. Síðastliðið ár nam stuðningur sveitarstjórnar kr. 145.000.- og leyfi ég mér fyrir hönd nefndarinnar að leggja til að framlag ársins í ár nemi einnig þeirri upphæð.

Virðingarfyllt,
f.h. Æskulýðsnefndar
kirkna í Rangárvallasýslu,

Elína Hrund Kristjánsdóttir

Leggja má framlag inn á eftirfarandi reikning Æskulýðsnefndarinnar
0182 - 26 - 10770 - kennitala: 540503-2650

